



TILBOÐ
kr. 169,-




HAFNARSTRÆTI 7
SÍMI 456 3166

Framtíðin er í lit
Höfum tekið í notkun hágæða Xerox laser litprentara
Nánari upplýsingar í síma 456 4560



H-PRENT



Afgreiðsla
Landsbankans
í Neista er opin
fimmtudaga og
föstudaga
frá kl. 16-18
Sími 410 8119



Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk

Miðvikudagur 5. janúar 2005 · 1. tbl. · 22. árg.



Nýju ári fagnað

Nýja árinu var fagnað með látum og litadýrd flugelda í byggðum Vestfjarða þrátt fyrir að veður hafi sett strik í reikninginn og mikil ofankoma byrgt mönnum sýn. Viða var áramótabrennum frestað vegna veðurs.

Þá var brennt á Hauganesi í Skutulsfirði á sunnudag og haldin mikilfengleg flugeldasýning Björgunarfélags Ísafjarðar. Rólegt var hjá lögreglunni á Ísafirði en tilkynnt var um eina líkamsárás á veitingastaðnum Tóka munk á Þingeyri. Ekki hafa borist neinar fréttir af slysum af völdum flugelda eða blysa.

– thelma@bb.is

Missti stjórn á bifreiðinni

Bíll fór útaf veginum við Kvíar í Súgandafirði í síðustu viku. Ung stúlka ók bílnum og mun ekki hafa verið á mikilli ferð þegar hún missti stjórn á honum með þeim afleiðingum að hann endaði ofan vegar. Bíllinn skemmdist lítið en stúlkan kenndi sér meins í baki og hálsi.

Ísafjarðarbær greiðir út laun samkvæmt nýju starfsmati

Nær 300 starfsmenn sveitarfélagsins fengu 31 milljón króna

Ísafjarðarbær greiddi út laun samkvæmt nýju starfsmati á fimmtudag og er þar með eitt fyrsta stærri sveitarfélaga til að ganga frá uppgjöri launa á grundvelli hins nýja starfsmats. Alls námu launagreiðslurnar 31 millj.kr. án launategdra gjalda sem greiddar voru til næri 300 starfsmanna. Í kjarasamningum 2001 var samið um innleiðingu á nýju starfsmatskerfi sem gildir frá 1. desember 2002 og átti að geta leitt til 2-4% hækkunar launa. Launin hækka mjög

misjafnt eftir einstökum störfum. Mörg störf hækka meira en 4%, önnur störf minna en 2% og enn önnur standa í stað eða lækka jafnvel. Þó er tryggt samkvæmt kjarasamningum að enginn starfsmaður, sem nú er í starfi, lækkar í launum við innleiðingu starfsmatsins.

Innleiðing starfsmatsins er í um 100 sveitarfélögum og félagar í um 50 stéttarfélögum eiga þar hlut að máli. Búið er að meta störf sem um 90% starfsmanna sveitarfélaganna gegna. Það var mat samnings-

aðila er að starfsmatinu standa, að ekki væri rétt að biða lengur með framkvæmdina, þar sem nægjanlegur fjöldi starfa hafi verið metinn svo innleiða megi matið gagnvart meginþorra starfsmanna. Samráð hefur verið haft við fulltrúa stéttarfélaganna, FOS-Vest og Verk-Vest, um innleiðinguna og þær niðurstöður, sem lagðar voru til grundvallar endanlegum útreikningum.

Ísafjarðarbær fékk upplýsingar um hið nýja starfsmat um mánaðarmótin nóvember-

desember s.l. og þá fyrst var grundvöllur fyrir að hefja vinnu við útreikninga og að yfirfara hvort starfsmenn væru rétt staðsettir í því starfsmati sem nú liggur fyrir, miðað við störf og starfsheiti þeirra. Mestu launabæturarnar fá starfsmenn sem starfa við umönnun ungra sem aldraðra s.s. ófag-lærðir á leikskólum, deildarstjórar á leikskólum, matráðar, starfsmenn íþróttamiðstöðva og starfsmenn sem sinna félagslegri liðveislu.

– bb@bb.is



Fyrsta barn ársins fæddist á Ísafirði

Anna Lára Guðmundsdóttir með dóttur sína, fyrsta barn ársins 2005.

Fyrsta barn ársins 2005 fæddist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði kl. 7:49 á nýársdagsmorgun. Þetta er stúlkubarn sem vó 3370 grömm við fæðingu, eða rúmar 13 merkur og mældist 51 sentimetri. Foreldrar nýársbarnsins heita Anna Lára Guðmundsdóttir og Árni Viðir Alfreðsson. Þetta er fyrsta barn Önnu en fjórða barn Árna. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar heimsótti foreldrana og færði þeim kort frá bæjarfélaginu og gjafabréf til nýfæddrar dóttur þeirra með 20 þúsund króna framlagi. „Barnsfæðing er stórkostlegur viðburður og sérstaklega ánægjulegt að fyrsti Íslendingur ársins skuli vera Ísafirðingur. Vonandi er fæðingin táknræn um framtíð þessa svæðis með von um eflingu og aukna hjartasýni sem við öll höfum orðið vitni að á liðnum misserum,“ sagði Halldór í samtali við blaðið.

Samkaup úrval

Samkaup úrval


OPIÐ:
virka daga
kl. 09 - 21
laugard. 10-21
sunnud.
kl. 12 - 21
Verið
velkomin!

Samkaup úrval

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

INNANLANDS er...

öflugasta flugvagnvél á Íslandi. Við höfum sameinað Austanflugvagns Flýjandi, gólvæstur ímálpi og sveiðisúðabúur um land allt í einni heildsætt flugvagnvél. Við höfum dæglaga ferðir og öflugan óvinsingastjórnandi Bandaríkjabykkur og fyrirséð af öllum stærðum og gerðum og öllum leiðum í flugvagnum á höfðum og trygjum aluðum.



Öflugasta flugvagnvél á Íslandi. Sími 525 1700. Fax 525 1700. www.eimskip.is

Kveiktu í flugeldatertu í göngunum

Að kvöldi nýársdags komust lögreglumenn á Ísafirði að því að einhver eða einhverjir höfðu gert sér að leik að sprengja flugeldatertu í Breiðadalslegg Vestfjarðaganganna. Segir Önnundur Jónsson yfirlögregluþjónn að þarna séu menn að stofna lífi sínu og annarra í hættu því reykur sem kom af sprengjunni var það þykkur að til áreksstrar hefði getað komið vegna slæms skyggis. Kveikt var á loftblásurum ganganna til að ræsta þau. Nýársdagskvöld og aðfaranótt 2. janúar var frekar annasamur tími hjá lögreglunni á Ísafirði og var nokkuð um ófrið vegna skemmtanahalds. Rétt eftir klukkan fjögur um nóttina kom dyravörður skemmtistaðar á lögreglustöðina og sagði einn gesta staðarins hafa kýlt sig í andlit. Á svipuðum tíma hentu tveir drengir logandi flugeld úr bíl sínum í annan bíl með þeim afleiðingum að dekk á honum sprakk. Bóðir drengirnir fundust og fengu tiltal. Þá má þess geta að lögreglu hefur borist fjölda kvartanna yfir akstri vélsleðamanna á götum í þéttbýli.

Líkamsárás á Ísafirði

Líkamsárás varð í Hafnarstræti á Ísafirði kl. 3:15 aðfaranótt mánudagsins 27. desember. Þar réðst kona á aðra konu, að til-efnislausu að því er virðist. Svo virðist sem konan sem framdi árásina stundi slíkt, en á nærri hverri helgi er hún kærð fyrir misgrófar árásir að því er fram kemur í dagbók lögreglunnar á Ísafirði. Aðfaranótt sunnudags kl. 4 kom dyravörður frá skemmtistaðnum Krúsinni inn á lögreglustöðina á Ísafirði og kærði árás. Hafði einn af gestum staðarins skallað hann í andlit. Dyravörðurinn fór á Fjórðungs-sjúkrahúsið á Ísafirði til skoðunar og aðhlyningar.

Litlu munaði að Gunnbjörn ÍS sykki í Flateyrarhöfn

Litlu munaði að togarinn Gunnbjörn ÍS sykki í höfninni á Flateyri á þriðja tímanum á mánudag en fyrir snarræði vélstjóra á öðrum báti var komið í veg fyrir að illa færi. Sjór komst af einhverjum ástæðum inn á millidekk

togarans svo að hann tók að halla uns hans lá á bryggjukantinum. Vélstjórinn sá hvert stefndi og hafði samband við eigendur sem lóðsuðu hann að ljósavél Gunnbjörns. Eftir að hafa komið henni í gang tókst honum að dæla

sjónum úr skipinu svo það rétti sig við. Ekki er talið að skemmdir hafi orðið í skipinu eða á því vegna atviksins. Gunnbjörn er með heimahöfn í Bolungarvík en leggur upp afla sinn á Flateyri. – halfdan@bb.is



Gunnbjörn ÍS.



Endurvarpstöðin á Arnarnesi við Skutulsfjörð.

Útsendingar útvarps og sjónvarps lágu niðri

Allar FM útvarpsútsendingar á Ísafirði dattu út aðfaranótt þriðjudags. Þá náðust engar sjónvarpsútsendingar í Skutulsfirði nema frá Ríkisútvarpinu, en útsending þess var þó ekki á fullum styrk. Að sögn Eggerts Stefánssonar, raf-eindavirkja hjá Símanum, virðist sem rafmagnsvandamál hafi verið orsök bilunarinnar. „Bæði 220 volta kerfið og 48 volta kerfið eru úti. Ljósavél er í húsinu á Arnarnesi og

hún er í gangi, en eitthvað hefur gerst við þessar rafmagnstrufanir.“ Eins og gefur að skilja eiga tæknimenn erfitt með að komast að biluninni.

„Við vitum ekkert hvenær það verður hægt. Ég er ekki farinn að kanna möguleikana á að fara landleiðina, en er að kanna hvort ekki verði hægt að fara sjóleiðina og labba úr fjörinni“, sagði Eggert í samtali við blaðið snemma á þriðjudagsmorgun.

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2004

Ellefu tilnefningar

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar árið 2004 verður útnefndur við hátíðlega athöfn kl. 15 á sunnudag. Samkoman fer fram á 4. hæð Stjórnsýsluhússins á Ísafirði. Ellefu íþróttamenn eru tilnefndir. Útnefningin fer fram í hófi sem bæjarstjórn, Afreksmannasjóður og Héraðssamband Vestfirðinga efna til og verður haldið á efstu hæð Stjórnsýsluhússins á Ísafirði. Þeir sem eru tilnefndir eru eftirfarandi:

Laufey Björk Sigmundsdóttir, Þingeyri, Höfrungur. Tómas Emil Guðmundsson, Ísafjörður, Boltafélag Ísafjarðar. Bragi Þorsteinsson, Ísa-

fjörður, Sundfélagið Vestri. Markús Þór Björnsson, Ísafjörður, Skiðafélag Ísafjarðar. Jens Magnússon, Ísafjörður, Skotíþróttafélag Ísafjarðar. Sigurður Gunnar Þorsteins-son, Ísafjörður, Körfuboltafélag Ísafjarðar. Sveinbjörn Hrafn Kristjánsson, Bolungarvík, Sæfari Siglingafélag. Guðmundur Bjarni Jónsson, Þingeyri, Hestamannafélagið Stormur. Sigurður Fannar Grétarsson, Ísafjörður, Golfklúbbur Ísafjarðar. Svala B. Einarsdóttir, Ísafjörður, Hestamannafélagið Hending. Stefán Þór Ólafsson, Reynir Hnifsdal. – thelma@bb.is

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins á Ísafirði

Fær 5 milljónir til uppbyggingar sjókvía-rannsóknamiðstöðvar

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins á Ísafirði (RF) hefur í samstarfi við Hraðfrystihúsið – Gunnvör (HG) fengið 5 milljóna króna framlag frá Byggðastofnun til uppbyggingar sjókvía-rannsóknarmiðstöðvar sem til

stendur að koma á fót á Ísafirði á næstunni. Miðstöðin verður samstarfsverkefni RF, HG og fleiri aðila.

„Stefnan er að byggja sjókvíar sem nýtast við rannsóknir í tengslum við fiskeldi með áherslu á þorskeldi“, segir Dr.

Þorleifur Ágústsson, verkefnisstjóri RF á Ísafirði. „Ætluin er að miðstöðin þjóni aðilum á landinu öllu sem stunda fiskeldi og taka þátt í rannsóknum af þessu tagi. Mjög fljótlega verður hafist handa við að koma miðstöðinni á koppinn.

Fljótlega verður svo leitað tilboða í gerð sjókvíanna og reiknað er með því að þær verði hannaðar og smíðaðar á Ísafirði. Þetta undirstrikar bara hversu vænlegur kostur Vestfirðir eru til að stunda rannsóknir í sjókvím.“



Dr. Þorleifur Ágústsson meðhöndlar blóðsýni úr eldisþorski. Mynd: Hjalti Karlsson.

Öldurnar brotnuðu hver á annarri nokkuð frá landi

Mikið og furðulegt brim er var víða í fjörum í Skutulsfirði í gær. Aldan gekk á land og út aftur þar sem hún mætir annarri aðkomandi. Afleiðingar þessa sjást á

meðfylgjandi myndum þar sem öldurnar brotna hver á annarri nokkuð frá landi. Þá var mikið öldurót úti í miðjum firðinum.
— halfdan@bb.is



Mikið brim var við norðurenda eyrarinnar í Skutulsfirði í gær. Stórar öldur gengu á land og m.a. yfir slökkviliðsstöðina á Ísafirði, þar sem almannavarnarnefnd bæjarins hefur aðstöðu. Þá var einnig mikið öldurót út á miðjum Skutulsfirði og tilkomumikil sjón að sjá brimið svo langt út á Ísafjarðardjúp. Meðfylgjandi myndir tók Halldór Sveinbjörnsson.

Snjóflóð féll úr Hraungili í Hnífsdal

Flóðið tók með sér gamla bæinn að Hrauni í Hnífsdal

Stórt snjóflóð féll úr Hraungili í Hnífsdal á þriðjudag. Flóðið hefur klofnað og tók annar hluti þess með sér gamla bæinn í Hrauni í Hnífsdal. Hinn hluti flóðsins virðist hafa tekið með sér spennistöð við Ár-

velli í Hnífsdal og er svo að sjá að flóðið hafi stöðvast við fjölbýlishús og raðhús við Árvelli. Sjónarvottar telja að flóðið hafi í það minnsta brotið glugga á þeim húsum.

Að sögn sjónarvotts hefur flóðið farið yfir gamla bæinn

og sést þak hans nokkru neðar en bærinn stóð. Gamli bærinn var reistur árið 1937 en árið 1978 var byggt nýtt íbúðarhús á jörðinni en það slapp við flóðið ásamt úti-húsum. Engir íbúar voru í Hrauni þegar flóðið féll.



Öldurnar brotna nokkuð frá landi.

Stórt snjóflóð féll á Skutulsfjarðarbraut

Stórt snjóflóð féll við Karlsá á Skutulsfjarðarbraut síðdegis á mánudag. Lögreglan á Ísafirði fékk tilkynningu um snjóflóðið kl. 16:29 og um 20 mínútum síðar kom tilkynning um að lítið snjóflóð hefði fallið á veginn um Eyrarhlíð milli Ísafjarðar og Hnífsdals. Flóðið á Skutulsfjarðarbraut var talið vera um 100-150 metra breitt og allt að 3-4 metrar á þykkt. Hreif það með sér einn ljósastaur auk þess sem það lenti á snjóruðningstæki. Ökumann þess sakaði ekki og engar skemmdir urðu á tækinu.

Fyrir um daginn féllu tvö


snjóflóð úr Búðargili og Traðargili í Hnífsdal. Annað flóðið náði að hesthúsum sem þar eru og hitt náði að fjárhúsum við Heimabæ. Öll umferð var bönnuð um Engidalsvog í Skutulsfirði, frá kirkjugarðinum og allan hringinn að Ísafjarðarflugvelli. Þar eru fjárhús, hesthús og sorpbrennslan Funi, en þar féll snjóflóð á varnargarð fyrir um daginn.

Ljósmyndari blaðsins tók meðfylgjandi myndir er hann ók í gegnum snjóflóðið á Skutulsfjarðarbraut síðdegis á mánudag.

— bb@bb.is



Þykkt snjóflóðsins er talið vera 3-4 metrar.



Flóðið þreif með sér einn ljósastaur.



Snjóflóðið er talið vera um 100-150 metra breitt.

Símasambandslaust við Súðavík

GSM- og talsímasamband til Súðavíkur lá niðri á þriðjudag eftir að snjóflóð féll á rafmagnsstaura á Arnarnesi um tvöleitið aðfaranótt þrið-

judags.

Þá voru NMT stöðvar á Bæjum, Nauteyri og Vigur einnig óvirkar vegna rafmagnstruflana.

Framtíðin er í lit



Gulur, rauður, grænn og blár ...
... litríka framtíð!

Nófum tekið í notkun hágráða Xerox laser lífprentara, sem hentar vel fyrir prentun á pletkötum, klápm og ársreikningum, auglýsingaspjöldum og jinsu öðru sem þarf að prenta í lítu upplagi í fullkomnum gæðum. Pappírsmærð getur verið L.d. A5, A4, A3, A3+ og allt upp í 320mm x 1200mm. Leitid nánafl upplýsinga í síma 496 4960.



Mikil gleði á áramótafagnaði SKG-veitinga

Áramótafagnaður SKG-veitinga fór fram að kvöldi nýársdags. Að vanda tjölduðu meistarakokkar fyrirtækisins öllu því besta til í mat og drykk og tókst afar vel til að sögn gesta. Styrk veislustjórn var í höndum Sturlu Páls Sturlusonar frá Suðureyri. Að loknu borðhaldi var stígninn dans fram á nótt. Meðfylgjandi myndir voru teknar á fagnaðinum. - hj@bb.is



Sigraðu sjálfan þig!

- Gerðu 2005 besta árið í lífi þínu!

Skemmtilegt námskeið fyrir alla sem vilja læra hvernig hægt er að standa við áramótaheitin og grípa tækiferin í stað þess að láta þau þjóta hjá



Ingvar Jónsson - kennari, útgefandi, fyrirlesari og tónlistamaður hefur um sex ára skeið haldið fyrirlestra um hversu auðvelt er að láta drauma sína rætast.

Staðreyndin er að 3% manna setja sér skrifleg markmið varðandi árangur. Aðrir garga með háleitar hugmyndir sínar í kollinum þar sem þær verða sjáldnast að veruleika.

Allt of margir eru fastir á „þægindasvæðinu“ og láta tækiferin þjóta framhjá sér! Ekki láta það gerast!



Garðar Gunnlaugsson
Hesti & Hesta Íslandi 2004

„Frábært námskeið sem sýndi mér fram á einfaldan og áhrifaríkann hátt að það er ekkert sem heldur aftur af mér nema ég sjálfur og minar hugmyndir um hvað ég get og get ekki ...“

Hótel Ísafirði laugardaginn 8. jan. frá 9:30 til 15:30.
Verð kr. 5.900. Innifalið í námskeiðagjaldi eru öll námskeiðsgögn, léttur hádegisverður og vikukort í Studio Dan.
Nánari upplýsingar og skráning í síma 860 2222 eða í Studio Dan

Skráðu þig strax - Aðeins 50 sæti í boði

Ólafur Örn Haraldsson, verðandi forstjóri Ratsjárstofnunar

Miðstýring ratsjárstöðva frá Miðnesheiði vegna fyrirmæla Bandaríkjamanna

Miðstýring fjögurra ratsjárstöðva Ratsjárstofnunar frá Miðnesheiði var ákveðin að fyrirmælum verkkaupa sem er Bandaríkjastjórn. Stofnunin fer að fyrirmælum verkkaupa samkvæmt samningum þar um og því virðist ekki vera möguleiki á að hrinda í framkvæmd þeirri hugmynd bærstjórans í Bolungarvík að fjarstýra ratsjárstöðvunum frá Bolafjalli.

verðandi forstjóri Ratsjárstofnunar segir að ákvörðun um fjarstýringu stöðvanna frá Miðnesheiði sé tekin samkvæmt fyrirmælum frá verkkaupa sem eru Bandaríkjamenn. Aðspurður hvort Ratsjárstofnun hafi engan tillögu rétt í því efni segir Ólafur að þessi ákvörðun sé tekin samkvæmt þeim samningi sem gildi um rekstur stöðvanna.

sjárstofnun fyrir skömmu að segja upp hluta þeirra tækni- manna sem hjá stofnuninni starfa. Er það gert þar sem fyrir dyrum stendur að fjarstýra þremur ratsjárstöðvum á landsbyggðinni frá stöð á Miðnesheiði. Sveitarstjórnarmenn á þeim stöðum þar sem ratsjárstöðvarnar eru hafa lýst þungum áhyggjum af þessum fyrirlutunum. Einar Pétursson bæjarstjóri í Bolungarvík hefur

sagt fyrirhugaðar uppsagnir verða mikið högg fyrir byggð- arlagið. Hann hefur í fjölmiðlum varpað fram þeirri hugmynd að hægt hljóti að vera að fjarstýra stöðvunum frá Bolafjalli eins og frá Miðnesheiði. Með ákvörðun um slíkt geti stjórnmöld sýnt í verki raunverulegan áhuga sinn í uppbyggingu atvinnu á landsbyggðinni.

– *hj@bb.is*



Ratsjárstöðin á Bolafjalli.

Einar Kristinn Guðfinnsson, alþingismaður

Vill fá að sjá fyrirmælin

Einar Kristinn Guðfinnsson alþingismaður segir það koma sér mjög á óvart að Bandaríkjamenn geri kröfu um það að ratsjárstöðvum Ratsjárstofnunar verði fjarstýrt frá Miðnesheiði eingöngu. Bærstjórnin í Bolungarvík hefur lagt til að ratsjárstöðvunum verði fjarstýrt frá Bolafjalli. Einar Kristinn segir að þessi tíðindi komi sér sérstaklega á óvart í því ljósi að búíð sé að starfrækja ratsjárstöðvar á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli um tuttugu ára skeið og ennþá lengur á Stokksnesi við Hornafjörð.



Einar K. Guðfinnsson. með þá þjónustu sem þeir hafa fengið frá þessum þremur stöðvum. Ég er því mjög hissa ef það er orðin stefna bandarískra hermálafyrivalda að

fjarstýring stöðvanna megi eingöngu fara fram frá Miðnesheiði. Ég mun því óska eftir því að fá að sjá þessi fyrirmæli“, segir Einar Kristinn.

Einar segir það skipta höfundmáli að hjá stofnuninni starfi um 80 manns á ýmsum stöðum á landinu og aflöngum kynnum sínum af starfsemi stofnunarinnar geti hann full- yrt að starfsemi hennar í breyttri mynd megi til dæmis stýra frá Bolafjalli. Aðspurður segist Einar sannfærður um að tæknilega sé ekkert því til fyrirstöðu enda hafi hann vak- ið máls á því á Alþingi fyrir nokkrum árum að starfsemi stofnunarinnar yrði efl- d á landsbyggðinni. „Ég lagði það

ekki til af tilefnislausu því það er augljóst að hægt er að sinna þessum rekstri frá fleiri stöð- um en Miðnesheiði og Síðumúla í Reykjavík“, segir Einar.

Aðspurður hvort hann sem þingmaður annars ríkisstjórn- arflokksins hafi beitt sér í þessu máli segir Einar svo vera. „Ég hef beitt mér gagn- vart Ratsjárstofnun og í því sambandi vil ég nefna að ég hef í gegnum tíðina átt mikil og góð samskipti við verðandi forstjóra stofnunarinnar Ólaf Örn Haraldsson. Ég þekki hann ekki af öðru en að vilja leysa öll vandamál sem upp koma og það mun hann eflaust gera í þessu tilfelli“, segir Ein- ar Kristinn. – *hj@bb.is*

Kaffihúsið Langi Mangi

Listasýningar bókað- ar fram til ársins 2006

Listasýningar hafa verið bókaðar á kaffihúsinu Langa Manga á Ísafirði til ársins 2006. „Allt árið er bókað og þrjár mánuðir af 2006. Grein- legt er að listin er að blómstra hér vestra“, segir Elfar Logi Hannesson, vert á Langa Manga. Fyrsta sýning ársins 2005 er á bútaumsverkum Öldu Sigurðardóttur, hand- verkskonu frá Þingeyri.

Á árinu verða 12 sýningar og listamennirnir eru mest- megnis Vestfirðingar. „Lista- mennirnir eru ýmist lífs eða

liðnir og sýningarnar eru mjög fjölbreyttar. Tvær lista- kanónur eru í hópnun en í febrúar verðum við með sýn- ingu á verkum Nínu Sæ- mundsson sem þekktust var fyrir höggmyndlist en ekki síður myndlist. Þetta er án efa fyrsta sýning á verkum hennar á Vestfirðum en við fáum að láni verk úr eigu ættingja hennar. Í október verður sýning á verkum Kjarvals sem einnig eru úr einkasafni fólks“, segir Elfar Logi. – *thelma@bb.is*



Mugison.

Mugison á lang- bestu plötu ársins

Tónlistarmaðurinn Mugi- son á langbestu plötu ársins. Í árlegri könnun DV meðal tónlistarsérfræðinga landsins fær plata hans, Mugimama (is this Monkeymusic?) næst- um því þrisvar sinnum fleiri stig en plata Bjarkar Guð- mundsdóttur. Sjálfur segir Mugison að þessi niðurstaða sé gott klapp á bakið. „Það er mjög jákvætt að fá svona við- urkenningar þegar maður hefur verið í tvö ár að vinna hörðum höndum að þessari músík. Þetta er mjög gott og fallett klapp á bakið, ég er ótrúlega þakklátur, alveg

satt“, segir Örn Elías Guð- mundsson í viðtali við DV. DV birtir útkomu úr könn- un á meðal 18 sérfræðinga um tónlist sem völdu hver fimm bestu plötur ársins. Plata Mugisons var á öllum listunum nema einum, og jafnan í fyrsta eða öðru sæti. Meiri keppni var um valið á erlendu plötunum. Þar sigr- aði plata The Streets, A Grand Dont Come For Free. Ítarleg umfjöllun er um bestu plötur ársins í DV 30. desem- ber. Þar er einnig upprifjun á tónlistarárinu 2004. – *halfdan@bb.is*

Boltafélag Ísafjarðar og Sparisjóður Vestfirðinga

Undirrita nýjan samning

Á gamlársdag undirrituðu Eiríkur Finnur Greipsson að- stöðarsparisjósstjóri Sparis- jóðs Vestfirðinga og Kristján Pálsson, formaður Boltafélags Ísafjarðar styrktarsamning til tveggja ára. Í október rann út styrktarsamningur sem gilt hafði í þrjú ár á milli þessara sömu aðila en samkvæmt hon- um var Sparisjóður Vestfirð- inga aðal styrktaraðili Boltafé- lags Ísafjarðar.

Í þessum nýja samningi kemur fram að Sparisjóðurinn verður áfram aðalstyrktaraðili Boltafélagsins. Eiríkur Finnur segir forsvarsmenn Sparisjóðs Vestfirðinga mjög ánægða með þetta góða samstarf við Boltafélag Ísafjarðar og þeir vilji áfram taka þátt í því öfl- uga og þróttmikla íþrótta- og æskulýðsstarfi sem félagið stendur fyrir í bæjarfélaginu.

Kristján Pálsson segir þenn- an mikla stuðning gefa Bolta- félaginu kost á að gera gott



Kristján Pálsson og Eiríkur Finnur Greipsson handsala nýjan samning.

starf ennþá betra og það verði vonandi að veruleika í fram- tíðinni. „Boltafélag Ísafjarðar

þakkar sparisjóðnum þennan mikla stuðning á liðnum árum og óskar þeim og öllum vel-

unnurum, iðkendum og for- eldnum þeirra gleðilegs nýs árs“, segir Kristján. – *hj@bb.is*



Óveður á Vestfjörðum

Veðrið hefur verið lítið skemmtilegt á Vestfjörðum að undanfögnu svo ekki sé fastar að orði kveðið. Að vísu hafa Vestfirðingar ekki verið einir um að þjást, því aftakaveður hefur verið á landinu öllu að undanfögnu. Fylgifiskar veðursins; ófærð, snjóflóðahætta og rafmagnsleysi gerðu vart við sig á mánudag þegar meðfylgjandi myndir voru teknar.



auglýsingaleikur minn var mjög skemmtilegur en ég hef nú reyndar engin tilboð fengið í kjölfarið – má ég ekki bara birta símanúmerið mitt með viðtalinu...?!

Ég var nú að rifja það upp þegar ég var á leiðinni til þín, að við mig var tekið viðtal í BB fyrir tíu árum og hafði ég þá hátt um að ég ætlaði mér að verða leikari. Ég reyndi einu sinni og var hársbreidd frá að skrifa í umsóknina að ég væri sonur Jóns Baldvins og Bryndísar, taldi víst að það myndi fleyta mér alla leið. En ég strokaði það út og ekkert gekk. Ég held að mig hafi ekki langað nógu mikið að verða leikari. Ef maður virkilega ætlar sér eitthvað, þá gerist það.“

Bóksalinn spilandi

– Að tónlistinni. Þú varst fyrst þekktur sem meðlimur í Geirfluglunum.

„Já, það er rétt. Ég er nú reyndar hættur í þeirri ágætu hljómsveit. Ég byrjaði minn feril hér fyrir vestan eiginlega sem uppfylling hjá mér reyndari hljóðfæraleikurum. Ég bæði græddi og tapaði á því að elta þá mín fyrstu spor. Ég var nú sá eini vina minna sem var ekki í hljómsveit á árum áður en var svo fyrstur allra til að verða áberandi í bransanum. Ég hef mikið lært af þeim sem ég hef spilað með enda margir snillingar í þeim hópi. Nú er ég að spila í bandi Dr. Gunna og einnig er ég í hljómsveit sem ber það hógværa nafn Reykjavík. Við spilum á Airwaves um daginn og það gekk mjög vel. Þar voru Bretar staddir sem hafa áhuga að fá að heyra meira í okkur spila og kannski kemur eitthvað út úr því. Við erum ekki þekktir á nokkurn hátt og tíminn verður að leiða það í ljós hvernig gengur.“

Í þessari sveit eru fjórir Ísfirðingar, auk mín þeir Valdimar Jóhannsson, Haukur Magnússon og Guðmundur Halldórsson. Síðan er einn Norðfirðingur í sveitinni en hann er tengdasonur Brynjars Viborg kennara í MÍ þannig að við eigum allir eitthvað hér vestra. Við stóðum fyrir ísfirsku nýbylgjuhátiðinni sem haldin var í Reykjavík í haust. Hún gekk mjög vel. Þessi innrás okkar Ísfirðinga vakti mikla athygli. Hátiðin var mikið rædd syðra og ég var mjög hreykinn af því.

Ísafjarðarbær tók þátt í þessu með okkur og á skilið miklar þakkir fyrir. Ég skora á bæjaryfirvöld um leið að styðja við bakið á svokölluðum bílskúrsgrúskurum – útvega húsnæði eða annars konar styrki. Fordæmi eru fyrir því í Hafnarfirði. Ég er mjög upprifinn af þeirri athygli sem ísfirskir tónlistarmenn fá í Reykjavík. Ísafjörður hefur mjög gott orð á sér sem tónlistar- og menningarbær. Nú er mikill meðbyr og vona ég að bæjaryfirvöld og íbúar nýti sér þau sóknarfæri sem gefast.

– Hér á árum áður var það

þannig að hér spiluðu menn lengi á sveitaböllunum og síðan fóru einn og einn lengra á framabrautinni. Hins vegar virðist það vera þannig með þessa drengi héðan sem eru að vekja þessa athygli syðra núna, að þeir hafa ekki farið þessa hefðbundnu leið gegnum sveitaböllin.

„Já, það er rétt og við megum ekki gleyma bílskúrunum. Ég var aldrei í bílskúrsbandi heldur fór beint í sveitaballa-bransann hér vestra með Miðnesi. Ég hef lært allt sem ég kann af samherjum mínum í hljómsveitum. Ég hef því ekki farið hefðbundna leið og því síður þeir félagar mínir í hljómsveitinni Reykjavík.“

Dr. Gunni


– Nú ertu líka að spila með Dr. Gunna, þeim landsfræga manni sem nú er orðinn tengdasonur Ísafjarðar. Hann er nú kannski frekar þungur á svip maðurinn. Hvernig er að vinna með honum?

„Það er mjög skemmtilegt og gefandi. Ég skal viðurkenna það að hér á árum áður þoldi ég ekki manninn né tónlist hans. Unnar frændi minn hélt mikið upp á hann og þegar við Gummi vinur minn og kollegi í músíkinni vorum að rúnta með Unnari hér áður fyrr, þá reyndum við að fela diskinn með Dr. Gunna svo Unnar næði ekki að spila hann.“

Dr. Gunni er mikill snillingur og gífurlega hæfileikaríkur. Hann á mjög auðvelt með að semja hina fjölbreytilegustu tónlist. Þú mátt hins vegar ekki leyfa þér að dæma tónlist hans eftir eina hlustun. Hann er kannski ekki með allra ómpýðustu röddina en hann er alls ekki slæmur söngvari. Samstarf mitt við hann hefur verið mjög lærdómsríkt. Við gáfum út plötu fyrir ári síðan. Hún fékk nú reyndar engin verðlaun. Þetta var hefðbundið og einfalt rokk sem ætti að eiga upp á pallborðið hjá flestum. Flestir gagnrýnendur völdu hana sem eina af bestu plötum ársins og það vorum við mjög ánægðir með, þrátt fyrir að platan seldist ekki mikið. Dr. Gunni hefur verið mjög heill í því sem hann hefur verið að gera. Hann er öðruvísi en flestir aðrir og leyfir sér það. Hann hefur ekki látið fólk breyta sér og það kann ég vel að meta.“

Finnskur tangó

„Fyrir utan þessar tvær rokkssveitir spila ég einnig finnskan tangó með fyrrum samstarfskonum mínum úr bókabúðinni. Við komum einmitt vestur í haust og spilum í Edinborg, fengum frábærar viðtökur. Finnski tangóinn hentar okkur Íslendingum mun betur en sá suðræni. Þar er önnur hrynjandi í gangi, skandínávískari, hvernig sem það nú hljómar. Það var mjög gaman að spila á Ísafirði og Dóri Hermanns var ánægður með okkur, það segir okkur eitthvað. Vonandi komum við hingað aftur. Við munum



hugsanlega gefa út plötu á árinu, gott að hafa mörg járn í eldinum.“

– Ferðu ekki að flytja aftur heim?

„Ísafjörður kallar á börnin sín. Mér finnst ekki ólíklegt að maður snúi aftur á heima-slóðir, verðandi konan mín er

héðan og við eigum nú einn son. Ég sé birtu yfir Vestfjörðum í framtíðinni. Ég sé líka að hér þarf að bæta aðgengi fólks að tónlist. Ekkert hefur gerst síðan við Heiðar Sigurðsson lokuðum Hljómum 1998. Kannski ég hringi í Heiðar. Ég hef nú því miður enga töfra-

lausn á atvinnumálunum eða byggðapróuninni en treysti á það góða fólk sem hér býr, að horfa í aðrar áttir og breyta um sjónarhorn, það kemur alltaf nýtt út úr því. Ég segi að lykillinn að uppgangi sé markaðssetning. Okkur vantar öflugan markaðsfulltrúa sem bá-

sunar í fjölmiðlum og víðar að hér sé allt í blóma en ekki allt á kafi snjó og kvótaleysi. Ef neikvæðu fréttirnar eru sífelld ofan á sér fólk svart en ef það jákvæða er í hávegum smitast það út.“

– Halldór Jónsson.

Bensínorkan ehf., vill byggja sjálfsafgreiðslustöð á Skeiði

Býðst til að greiða kostnað við breytingar á lóð

Bensínorkan ehf. hefur með bréfi til bæjarstjórnar Ísafjarðararbæjar boðist til að kosta nauðsynlegar breytingar á skipulagi og akvegum til þess að flýta fyrir því að fyrirtækið geti sett upp sjálfsafgreiðslustöð fyrir eldsneyti á lóðinni að Skeiði 1 á Ísafirði. Í því

húsi er meðal annars verslunin Bónus.

Fyrir skömmu sótti fyrirtækið um leyfi til þess að setja upp eldsneytisafgreiðslu á lóðinni og tók umhverfisnefnd jákvætt í erindið en gat þess jafnframt að til þess að hægt væri að verða við því þyrfti að

breyta skipulagi og fjármunir til þess væru ekki á fjárhagsáætlun næsta árs. Bæjarráð tók boð Bensínorkunnar fyrir á fundi fyrir áramót og tók jákvætt í boðið og fól bæjarstjóra að ræða við framkvæmdastjóra Bensínorkunnar ehf. um málið.

– hj@bb.is



Fyrirhuguð bensínstöð verður á Skeiði á Ísafirði.

Óðinn Gestsson, framkvæmdastjóri Fiskvinnslunnar Íslandssögu á Suðureyri

Ánægður með ákvörðun bæjarstjórnar

Óðinn Gestsson framkvæmdastjóri Fiskvinnslunnar Íslandssögu á Suðureyri segist ánægður með þá ákvörðun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar að veita 60 tonna byggðakvóta til báta sem leggja upp hjá fyrirtækinu. Óðinn hefur sem kunnugt er gagnrýnt harðlega úthlutanir byggðakvóta á liðnum árum. Í reglugerð sjávarútvegsráðuneytisins um út-

hlutun byggðakvótans segir að tillögur sveitarstjórna skuli byggjast á almennum hlutlægu reglum og jafnræðissjónarmiða skuli gætt.

Aðspurður hvort að hann telji ákvörðun bæjarstjórnar uppfylla þessi skilyrði segir Óðinn svo vera gagnvart sínu fyrirtæki. Hann segist ekki hafa mótað þær aðferðir sem beitt verður þegar kemur að

skiptingu þess kvóta sem úthlutað var enda sé hann ekki í hendi. „Ég reikna með því að menn setjist saman yfir þau mál þegar endanleg úthlutun verður ljós“, segir Óðinn.

Lárus G. Valdimarsson bæjarfulltrúi segir að það kunnir aldrei góðri lukku að stýra að sveitarstjórn skuli gert að mismuna þegnum sínum eins og alltof oft hefur orðið raunin



Óðinn Gestsson.

við úthlutun byggðakvóta að hans mati. Óðinn segist samþykka Lárusi og tímabært sé að finna þessum málum annan

farveg en þau hafa verið í undanfarin ár. „Hinsvegar verða stjórnsmálsmenn að klára þau verkefni sem þeim eru falin.

Það gengur ekki að vísa þeim málum á herðar annarra,“ sagði Óðinn Gestsson.

– hj@bb.is

SÆLKERI VIKUNNAR

ER ÞÓRUNN GUÐMUNDSDÓTTIR Á ÍSAFIRÐI

Einfaldur ýsuréttur og melónusalat

Sælkeri vikunnar býður upp á einfaldan ýsurétt því hún segir að eftir allan þennan þunga jólamat sé tilvalið að breyta aðeins til og gæða fjölskyldunni á fiski. Þórunn mælir hún bera réttinn fram með hrásalati sem einnig er uppskrift af. Að lokum er heitur eftirréttur sem lengi hefur verið vinsæll á heimili Þórunnar. Hún segir að kakkan hafi einnig komið sér vel með kaffinu og sé best borin fram með rjóma eða ís.

Einfaldur ýsuréttur

Ný ýsa beinlaus, roðflett og flökuð er skorin smátt. Stráíð salti yfir og dreypið sítrónusafa yfir. Látið standa í nokkrar mínútur. Fiskurinn er þerraður og velt upp úr hveiti. Stráíð salti og sítrónupipar yfir eftir smekk. Steikið fiskinn á þönnu upp úr olfu eða smjöri. Setjið í eldfast mót. Sjóðið upp á þönnu með vatni og bætið Kínasoja út í. Ef vill má bæta rjóma eða matarjóma út í



eða heitum osti. Hellið yfir fiskinn í mótinu. Bakið í ofni í 10 mínútur. Tilvalið er að bera réttinn fram með nýju brauði eða hvítlauksbrauði og eins er mjög gott að bera hann fram með banana steiktum upp úr smjöri og chutny sósu.

Melónusalat

Ísbergskál
½ gul melóna
½ græn melóna
Ferskt sellerí
Muldar valhnetur

Grófskerið ísbergið, selleríð og melónurnar. Einnig má nota perur, epli og fleiri ávexti eftir smekk. Bætið valhnetum við eftir smekk. Sósa með salatínu er melónujógúrt eða jógúrt eftir smekk.

Sívinsæll eftirréttur eða kaka

1 bolli hveiti
½ bolli sykurl
1 tsk salt
1 tsk natrón
½ blandaðir ávextir
1-2 egg

Hrærið öllum hráefnunum saman nema kókosmjólinu og púðursykrinum. Blandið því saman og stráíð yfir deigið. Bakið við 180°-200° í um 30-40 mínútur.

Ég skora á Hörpu Böðv-arsdóttur að koma með gömsæta uppskrift.

Kómedíuleikhúsið á Ísafirði

Einleikur byggður á Gísla sögu Súrssonar

Kómedíuleikhúsið mun setja á svið einleik byggðan á Íslendingasögunni Gísla Sögu Súrssonar. Elfar Logi Hannesson flytur einleikinn en leikstjóri að þessu sinni er Jón Stefán Kristjánsson. Þeir vinna nú baki brotnu við handritsskrif og stefnt er að því að leikurinn verði frumsýndur um miðjan febrúar. Frumsýnt verður á söguslóðum á Þingeyri. Einnig verður sýnt á Flat-eyri, Suðureyri, Súðavík, Bolungarvík og á Ísafirði.

„Kómedíuleikhúsinu hefur þegar verið boðið að sýna leikinn á tveimur staðarháttum hér vestra í sumar. Í sumar stendur svo til að skella Gísla Súra yfir á engilsaxnesku og sýna fyrir ferðamenn sem sækja Vestfirði heim“, segir í annál Kómedíuleikhússins fyrir árið 2004.

Kómedíuleikhúsið mun halda einleikjahátíð í lok júní sem ber yfirskriftina ACT ALONE. Leikhúsið hefur



Frá fyrirlestri Jóns Viðars á fyrstu einleikjahátíð Kómedíuleikhússins á Ísafirði í sumar. Nú hefur hann gengið til liðs við leikhúsið við undirbúning næstu hátíðar.

fengið Jón Viðar Jónsson og Brynju Benediktssdóttur til að undirbúa og skipuleggja hátíðina. Stefnt er að því að bjóða upp á þrjá íslenska einleiki, einn erlendan gestaleik, fyrirlestra um einleiksformið og

síðast en ekki síst masterclass í leiklist. Hátíðin verður haldin dagana 30. júní – 3. júlí 2005. Aðgangur að hátíðinni er ókeypis en þátttökugjald verður á masterclass.

– thelma@bb.is

Hætt við gjaldtöku af einkavotti vistmanna öldrunardeildar HSÍ um ótilgreindan tíma

Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ hefur hætt við þau áform að innheimta gjald fyrir þvott á fötum vistmanna á öldrunardeild stofnunarinnar. Sú gjaldtaka var ákveðin fyrir skömmu og átti að innheimta 5.500 krónur á mánuði. Þessi ákvörðun vakti töluverða óánægju og meðal annars

gagnrýndi Jón Fanndal Þórðarson formaður félags aldraðra á Ísafirði þessa ákvörðun harkalega í viðtali við bb.is á dögunum. Ákvörðun um þessa gjaldtöku var tekin eftir að þvottahús stofnunarinnar var lagt niður í sumar.

Ífrétt á vef Heilbrigðisstofnunarinnar sem birt var þann

31.12 var þessi ákvörðun tilkynnt. Þar segir að stofnunin hafi ákveðið að falla frá áformum um innheimtu gjalds fyrir þvott á einkafatnaði vistmanna öldrunarlækningadeildar um ótilgreindan tíma eins og segir í fréttinni.

Í fréttinni segir einnig: „Varðandi einkavottvist-



Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps

Setur reglur um úthlutun byggðakvóta

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkti samhljóða fyrir áramótin, reglur sem lagt er til að gildi við úthlutun 150 þorskiöldistonna byggðakvóta er kom í hlut sveitarfélagsins á dögunum. Í reglum segir að úthlutað skuli til aflamarksskipa og krókaafmarksbáta. Þeim sé skylt að leggja til aflaheimildir í bolfiski til jafns við úthlutaðan byggðakvóta.

Til þess að eiga rétt á

byggðakvóta skulu bátar og skip hafa verið skráð og hafa átt heimahöfn í Súðavík þann 1. september 2004. Einnig skulu útgerðirnar hafa átt lögheimili í Súðavíkurhreppi á sama tíma. Þá er einnig gert að skilyrði að afla sem nemi úthlutaðum byggðakvóta sé landað í Súðavík og hámarksúthlutun sé 80 tonn. Þá segir einnig að byggðakvótinn og móttframlag útgerðar skuli unnið í Súðavík og verða um-

sækjendur að gera grein fyrir því í umsókn hvernig staðið verður að vinnslunni.

Þá er einnig í reglum Súðavíkurhrepps sagt að tekið skuli tillit til úthlutaðra aflaheimilda og bóta vegna rækju fyrir fiskveiðiárið 2004/2005. Fylgi útgerð ekki þeim skilyrðum sem sett eru varðandi vinnslu afla í Súðavík fyrirgerir hún rétti sínum til hugsanlegrar úthlutunar á næsta ári, að óbreyttum reglum. -lj@bb.is

Gatnaframkvæmdir í miðbæ Ísafjarðar

Óljóst hvenær ráðist verður í síðasta áfangann

Óvíst er hvenær ráðist verður í síðasta hluta gatnaframkvæmda sem hófust með hellulögn Hafnarstrætis að Austurvegi og var síðan fram haldið með endurbyggingu Silfurtorgs fyrir nokkrum árum. Áformað var á sínum tíma að klára hellulögn frá Silfurtorgi suður Aðalstræti að gamla pósthúsinu.

„Þegar núverandi meirihluti tók við árið 1998 var forgangs-

röðuninni breytt. Þá var fjárhagsstaða bæjarins mjög veik. Við byrjun á að skera niður og lögðum í nýrri forgangsroðun áherslu á snjóflóðavörn fyrir ofan Funa til að verja þann mannskap sem þar er“, segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

„Þar að auki var á sínum tíma bullandi óánægja meðal verslunareigenda á svæðinu með hinar fyrirhuguðu fram-

kvæmdir í Aðalstræti, aðallega vegna þess að í þeim tillögum var bara gert ráð fyrir örfáum bílastæðum. Þegar allt var tekið með í reikninginn sáum við að það þarf að hugsa þetta allt upp á nýtt áður en nokkuð er gert. Það er reiknað með töluverðu fjármagni til gatnaframkvæmda á þessu ári, en hvernig verkefnum verður forgangsraðað er ekki enn ljóst“, segir Halldór. - halfdan@bb.is



Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði.

manna þá segir í reglugerð nr. 422/1992 að öldrunarstofnunum sé ekki skylt að kosta persónulega muni eða aukapjónustu sem talin er upp. Í ljósi

þessa þá telur stofnunin að sér sé ekki skylt að standa straum af kostnaði við áður nefndan þvott. Hins vegar þá hefur verið ákveðið að stofnunin muni

áfram kosta þvott á persónulegum flikum vistmanna öldrunarlækningardeildar FSÍ um ótilgreindan tíma þrátt fyrir að henni sé það ekki skylt.

Fasteignasala

Tryggvi Guðmundsson hdl.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: alga@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

Einbýlishúsráðhúsið
Bakkavegur 8: 182 m² steinsteypt einbýlishús með bílskúr. Verð 5,2 m.kr.

Sundstræti 39: 227,2 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallari og nýjum bílskúr. Mikkið upp. Verð 12,0 m.kr.

Hjallavegur 21: Stórt og glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðri tvöfaldrni bílgeymslu. Fullegt útsýni. Verð 15,6 m.kr.

Garðavegur 1: 97 m² steinsteypt einbýlishús á einni hæð ásamt 44 m² bílskúr, mikkið endurnýjað. Verð 7,9 m.kr.

Hrannargata 8A og 8B: 78 m² einb. á 2 hæðum ásamt 46 m² viðbyggingu. Verð 6,3 m.kr.

4-6 herbergja íbúðir:
Stórholt 13: 103 m² fjögurra herbergja íbúð á 3.hæð ásamt 21 m² bílskúr og geymslu. Tilboð óskast.

Fjarðarstræti 32a: 113 m² 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum í teibýlishúsi ásamt bílgeymslu. Tilboð óskast.

Vegna mikillar sölu vantar einbýlishús og raðhús á söluskrá!

3ja herbergja íbúðir:
Fjarðarstræti 38: 3ja herb. íbúð á 3.h. í fjórþ.húsi, íbúðin er að hl. undir rísi. Skráð 49,1 m² í fasteignamati, ener ca. 79 m² að gólfleti. Verð 4,5 m.kr.
Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3.h. til hegri í fjölþ.húsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Möguleiki að taka bíl uppí. Áhv. ca. 5 m.kr. Verð 5,5 m.kr.

2ja herbergja íbúðir:
Sundstræti 34: nýleg 2ja herbergja íbúð með sérinnangang á jarðhæð í nýuppgerðu fjölþýlishúsi. Verð 5,9 m.kr.
Pölgata 4: 76 m² íbúð á jarðhæð í fjórþ.húsi. Verð 2,7 m.kr.

Atvinnuhúsnæði:
Thai Koon: 63 m² nýtt verslunarlúsnæði og veitingastaður í fullum rekstri, ásamt innréttingum, tekjumog áhildum Til sölu eða leigu. Tilboð óskast.

Nýjar íbúðir við Skógarbraut
Allar íbúðir skilast íllmálaðar án gólfena og innéttinga. Hægt eruð kaupa 38m² bílskúr með íbúð. Verð 2,5 m.kr.

Skógarbraut 3 - íbúð 101: 127,7 m² 3ja herb. íbúð með sérinnangangi á neðri jarðhæð. Verð 10,5 m.kr.

Skógarbraut 3 - íbúð 102: 93 m² 2ja herb. íbúð með sérinnangangi á neðri jarðhæð. Verð 8,5 m.kr.

Skógarbraut 3 - íbúð 201: 151,8 m² 4ja herb. íbúð með baðstofulofti í efri jarðhæð. Verð 10,5 m.kr.

Skógarbraut 3A - íbúð 103: 133 m² stór 3ja herb. íbúð á neðri jarðhæð í fjórþýli. Verð 10,5 m.kr.

Skógarbraut 3A - íbúð 104: 114,8 m² 3ja herb. íbúð á neðri jarðhæð með saunakleta og sérinnangangi. Verð 9,5 m.kr.

Skógarbraut 3A - íbúð 203: 153,5 m² 4ja herb. íbúð á efri jarðhæð í með baðstofulofti. Verð 11,5 m.kr.

Flatoyri:
Grundarstígur: 60 m² sumabústaður sem erseldur íll flutnings. Verð 2,7 m.kr.

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is



Glæsileg flug-eldasýning

Björgunarfélag Ísafjarðar efndi til mikillar flugeldasýningar við Hauganes í Skutulsfirði síðdegis á sunnudag. Samhliða var haldin hin árlega áramótabrenna sem fresta þurfti í tvígang vegna veðurs. Páll Ónundarson var á svæðinu og tók þar meðfylgjandi myndir.



Húsið við Hafnarstræti 17.

Húsið við Hafnarstræti 17 á Ísafirði

Rifið í nánustu framtíð ef ekki finnst kaupandi

Húsið við Hafnarstræti 17 á Ísafirði verður rifið í nánustu framtíð ef ekki finnst kaupandi að því. Eins og kunnugt er eignast Ísafjarðarbær húsið fyrir nokkrum mánuðum, en það hefur lengi þótt hinn mesti umferðartálmi á Eyrinni. „Við höfum auglýst það til sölu og vorum að vona að einhver myndi sjá sér hag í að kaupa það og flytja. Við eigum til dæmis lóð undir það við Fjarðarstræti og á fleiri stöðum“, segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. „Mér er sagt að húsið sé vel byggð og að hægt sé að gera það upp. Þó hefur áhugi ekki verið nægur hingað til og ef ekki gengur að selja húsið verður það rifið.“ Mikil og góð lóð er við húsið að sunnan- og vestanverðu. Aðspurður segir Halldór að hún hafi verið skipulögð undir stórar verslunar- og/eða þjónustubyggingar. „Hugmyndin er sú að stór hús, eins og mál-arablokkin, Hótel Ísafjörður, Stjórnsýsluhúsið og fleiri rammi inn gamla bæinn“, segir Halldór.

- halfdan@bb.is

25% afsláttur

af öllum fatnaði
fimmtud. 6. jan., föstud. 7. jan.
og laugard. 8. jan. (opið til kl. 16)

ÚTSALAN HEFST
MÁNUDAGINN 10. JAN.

J
Ó
N
Og
G
U
N
N
A

L
E
G
G
U
R
Og
S
K
E
L



Austurveg 2, Isafirði, sími 454 3464



Austurveg 2 • Sími 454 4878

mannlífíð

Abendingar um efni sendist
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu
sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn 5. janúar,
5. dagur ársins 2005


Pennan dag árið 1874 var stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands staðfest af konungi. Hún tók gildi 1. ágúst. Alþingi fékk þá löggjafarvald og fjárveitinga- vald. Þetta var fyrsta stjórnarskrá landsins. Henni var breytt 18. maí 1920 og hún gildi að mestu óbreytt fram að lýðveldisstjórnarskránni 17. júní 1944.

Pennan dag árið 1931 fæddist fyrsta barnið á Landspítalanum sem var tekinn í notkun tveimur vikum fyrr.

Pennan dag árið 1941 var dreift fjölrítuðu bréfi til breskra hermanna og þeir hvattir að ganga ekki í verk Íslendinga sem voru í verkfalli. Breska herstjórnin leit á þetta sem áskorun til hermanna um að efna til uppreisnar og voru fjórir menn dæmdir fyrir verknaðinn.

Heimild: *Dagar Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.*

● Á þessum degi fyrir 34 árum



Fádæma góð færð

Vegir hafa verið með eindæmum góðir í vetur fram undir þetta og lítið þurft að ryðja þá. Aðeins hafa verið ruddir af og til stöku fjallvegir, sem yfirleitt þykir ekki koma til tals að halda opnum á vetrum, að því er Hjörleifur Ólafsson, verkfræðingur hjá Vegagerðinni tjáði mbl.

Nú um helgina kom þó nokkur hríð og lokuðust einstaka fjallvegir. Á Vestfjörðum lokuðust Breiðadalsheiði og Botnsheiði. Einnig Kleifarheiði og Hálfðán. Þó er fært frá Patreksfirði á Rauðasand og til Tálknafjarðar og milli Þingeyrar og Flateyrar. Einnig frá Ísafirði og út í Bolungarvík. Og vegna mikilla fólksflutninga voru bílar í gær aðstoðaðir yfir Breiðadalsheiði, en ekki var reiknað með að heiðin yrði fær framvegis.

● Helgarveðrið

Horfur á fimmtudag:

Norðvestan 13-18 m/s og eljagangur norðaustantil, en annars mun hægari og úrkomulítið. Harðandi frost.

Horfur á föstudag:

Norðaustlæg átt og víða bjart veður, en talsvert frost um land allt.

Horfur á laugardag:

Norðlæg átt með eljum víða um land, einkum þó norðan til. Kalt í veðri.

Horfur á sunnudag:

Norðlæg átt með eljum víða um land, einkum þó norðan til. Kalt í veðri.

● Spurning vikunnar

Hversu miklu eyðir þú í kaup á flugeldum?

Alls svöruðu 694. – 0-10 þús. sögðu 496 eða 71% – 11-20 þús. sögðu 81 eða 13% – 21-40 þús. sögðu 38 eða 5% – 41-100 þús. sögðu 23 eða 3% – Meira en 100 þús. sögðu 56 eða 8%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

● Hvað er að fréttá? • Sigmundur Þórðarson, húsasmiður á Þingeyri

Falleg og notaleg jól

Það er allt gott að fréttá héðan frá Þingeyri. Aldarafmæli Höfrungs var haldið þann 20. desember á sjálfan afmælisdaginn. Þá var skrudganga frá sparkvellingum hjá grunnskólanum, þar sem fyrsta æfingin á vegum Höfrungs fór fram fyrir 100 árum. Afmælishátíð var í félagsheimilinu þar sem á annað

hundrað manns komu sem ég kalla gott miðað hve mikið er að gera um jólin.

Bærinn er mjög jólalegur og skemmtilega skreyttur. Þetta voru falleg og notaleg jól í jólasnjónum. Á aðfangadag þeystu jólasveinar um bæinn og færðu börnum pakka. Þeir gera það hér á Þingeyri fyrir þá sem vilja.

Þingeyringar héldu svo til messu í kirkjunni en lokið var við endurbætur á henni á nýliðnu ári og er hún nú orðin mjög fín. Þar sungum við saman og áttum hátíðlega stund.

Mikið var um gestagang hér um jólin og mér finnst það vera að aukast að brottfluttur Vestfirðingar, vinir og vanda- menn komi heim um jólin.



Hópurinn tilbúinn fyrir athöfnina, frá vinstri Guðni Einarsson, Sigrún Sigurgeirsdóttir, Guðlaug Björnsdóttir, Hilmar Danielsson og Ijoma Ojiako.

Krýndur með húfu og arnarfjöður

Guðni Einarsson, framkvæmdastjóri fiskhausaverkunarinnar Klofnings á Suðureyri, var sæmdur æðstu nafnbót Konungdæmisins Abríba í Nígeríu við athöfn í bænum Abiriba þann 20. desember og ber nú titilinn „chief Guðni“.

„Á lbo máli er titillinn Chief Nwanne Dinamba no 1 of Abiriba sem þýðir: Bróðir í útlöndum. Ég er sá fyrsti sem ber þennan titil og það mun enginn annar bera hann fyrir en eftir minn dag“, segir Guðni.

Við sama tilefni fékk Hilmar Danielsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Fiskmiðlunar Norðurlands titilinn „Sonur rísandi sólar“. Þessi mikli heiður kemur í kjölfar góðrar þjónustu og viðmóts í garð heimamanna en Guðni og Hilmar Danielsson hafa farið fjölmargar ferðir saman til Nígeríu.

„Við höfum verið að sinna markaðsmálum í Nígeríu, kynna okkar vöru og hlusta á það sem viðskiptavinir okkar þar hafa að segja. Saman erum við búnir að taka þátt í fjórum til fimm vörusýningum víðs vegar í Nígeríu og það er eitt-hvað sem ekki hefur gert af Íslendinga hálfu fyrr þrátt fyrir að Nígería sé eitt af okkar mik-

ilvægustu viðskiptalöndum“.

Ég held að engum Íslendingi hafi áður hlotnast þessi heiður og mjög fáir hvítir menn hafa fengið þennan titil. Athöfnin fór þannig fram að við Hilmar vorum fyrst gerðir að borgurum í bænum Abiriba og síðan færðir fyrir konunginn í Abríba konungdæmi að viðstöddu höfðingjaráði sem krýndi okkur með þrjónahúfu og arnarfjöður. Þar með vorum við orðnir Chiefs. Eiginkonur okkar fengu sjálfkrafa titilinn

„lolo“, sem þýðir einfaldlega kona Chief. Með þessu eru íbúar Abríba að sýna í verki þakklæti sitt fyrir þá góðvild og virðingu sem við höfum sýnt þeim.“

Guðni segir það óvíst hvenær hann ferðast aftur til Abríba. „Líklega fer ég aðra ferð á vordögum og að sjálf-sögðu mun ég þá heimsækja Abríba“, segir Guðni sem fær höfðinglegar móttökur er hann fer til Nígeríu.

– thelma@bb.is



Chief Guðni í fullum skrudá.



Guðni krýndur chief Nwanne Dinamba, sem þýðir bróðir í útlöndum.

● Uppáhalds borgin mín · Inga S. Ólafsdóttir, ferðafræðingur

New York og París

„Ég á svo margar uppáhalds borgir að erfitt er að gera upp á milli en helst myndi ég segja New York í Bandaríkjunum og París í Evrópu. Mannlífið í New York er svo öðruvísi og skemmtilegt. Þar er allt til alls og stórglæsileg óperuhús, Metropolitan og flottir



París.

veitingastaðir.

Í París aftur á móti er menningin svo sérstök og á sér mikla sögu. Það er svo gaman að fara á sófnin og margir veitingastaðir þar bjóða rétti sem kitta bragðlaukana. Þar er svo margt sem hægt er að gera og yndislegt að vera“.



● Ummæli vikunnar

Bíllinn skoðaður á sjúkrahúsi?

Þrjú bílar áttu aðild að sama árekstrinum í Öfundarfirði nú síðdegis. Einn var fluttur til skoðunar á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði, en farþegar munu hafa sloppið ómeiddir. Svæðisútvargið – 23. desember.

Sneggri, stærri og sterkari!

Foreman var rúmlega miðaldra, skreidd með liðagigtarveik hné sín inn í hringinn. Í dag skyldi barinn 18 ára fagraþakur, höfðinu hærri en Foreman, með upphandleggsöðva af hrossi og sixpakk sem hefði mátt slægja fisk á, án þess að sæi á því. Hann var sneggri, stærri, sterkari, og fallegri en Foreman. Eiríkur Örn Norðdahl á bloggsíðu sinni www.blog.central.is/amer/

● Innlit til Kristínar Hálfhánsdóttur og Gunnars Þórðarsonar

● Brennslan mín!

101 Ísafjörður

Hjónin Kristín Hálfhánsdóttir og Gunnar Þórðarson búa í hjarta Ísafjarðar að Silfurtorgi 1 á efstu hæð. BB kíkti í heimsókn til þeirra og fékk að litast um íbúðina. Hún er á tveimur hæðum með risi og út um svaladyrnar er útsýni yfir Silfurtorgið sjálft. Húsið var byggt fyrir Matthías Sveinsson og tengdaföður hans Árna Gíslason og þeirra fjölskyldu 1930. Þess má til gamans geta að það er hinn sami Árni Gíslason og stóð fyrir vélvæðingu íslenskra fiskibáta er hann setti vél í bátinn Stanley á Ísafirði árið 1902.

Húsið hefur haldið glæsilegu ytra útliti sínu frá upphafi og er eitt af þeim húsum sem setja vinalegan svip á miðbæinn. Arkitekt og byggingameistari hússins var Jón H. Sigmundsson. Greinilegt er að engu var til sparað við bygginguna, til dæmis voru í upphafi tveir stigar upp í íbúðina og var sá minni eingöngu ætlaður fyrir þjónustufólk íbúanna.

Gunnar og Kristín fluttu inn í lok október og hafa gert miklar breytingar á íbúðinni. „Við rifum allt úr eldhúsinu og settum nýja eldhúsinnréttingu með öllu tilheyrandi. Við tókum burt eina ofninn sem var í eldhúsinu og létum því setja hita í gólf. Ég er sérstaklega hrifin af flísunum sem við völdum á eldhúsveggina þar



Borðstofan var gerð úr stóru herbergi og borðstofuborðið og skápurnir voru keypt í Mexíkó er fjölskyldan bjó þar.

eru úr ítölskum marmara og engar tvær eru eins“, segir Kristín.

Þrátt fyrir breytingarnar hefur íbúðin fengið að halda sínum upprunalega glæsileika. „Allar innihurðir og skrár eru upprunalegar, við skröpuðum alla málningu af og létum handlaka þær upp á nýtt. Það gerði Guðmundur Níelsson og hans menn. Allt

annað máluðum við sjálf. Vestfirskir verktakar sáu um flísalagnir, það var þeirra maður Jón Þorláksson sem sá um verkið. En Arnór Magnússon sá um uppsetningu á innleika. „Hluta stofunnar breyttum við í svefnherbergi en öðru herbergi skiptum við í tvennt og gerðum að borðstofu og svefnherbergi sem yngsti sonur okkar býr í nú. Ágúst og

Flozi ehf. sá um færslu á veggjum og parketlagnir en öll gólfefni eru úr olíuborinni massifri eik“.

Fjölmörg og litrík listaverk vekja athygli á hvítmáluðum veggjunum.

„Grafíkmyndirnar eru eftir Silvíu Outkeerk vinkonu mína í Hollandi, ullarmyndin í borðstofunni eftir Huldu Leifs og klippimyndin eftir Árna

Guðmundsson. Svo eru nokkrar myndir eftir Söru Vilbergs og Guðrúnu Svövu. Þegar farið er upp á loft blasir við mynd sem er frá Sri Lanka, keypt af Hafdís, dóttur okkar, þegar hún var þar stödd.

Okkur líður mjög vel hér og staðsetning íbúðarinnar er alveg frábær. Segja má að við búum í 101 Ísafjörður“.



Matthildur Helgadóttir, framkvæmdastjóri Snerpu

Ferðalag aftur í tímann á tónleika með Pink Floyd

Það var erfitt að velja aðeins 10 lög af þeim fjölmörgu sem eru í upphaldi hjá mér en það tókst á endanum. Aukalagið á disknum verður svo Kattadúettinn. Það þýðir svo ekkert að hlusta á diskinn í lélegum græjum og ekki vera feimin við að hækka.

1. The Weight – The Band.

Ég hef haldið lengi upp á þetta lag, það er eitthvað svo Gumma Hjalta lagt.

2. Wish you were here – Pink Floyd.

Ég væri til í ferðalag aftur í tímann til að skella mér á tónleika með þeim.

3. Friday I'm In Love – the Cure.

Góð regla sem ég reyni að fara eftir.

4. What's the frequency Kenneth – REM.

Það gerist varla betra, rödd Stipes og þetta óviðjafnlega gítarsánd, ég fæ aldrei leið á þessu lagi.

5. Psycho Killer – Talking Heads.

Þetta lag er af fyrstu plötu þeirra '77. Ég heyrði það fyrst fyrir nokkrum árum og fannst það vera ferskt og ég er ekki frá því að það sé enn ferskt.

6. One of us – Jaguar.

Ég fékk þetta lag strax á heilann og þeir eru líklega langbesta hljómsveit Íslands í dag.

7. Dead Man Walking – Quarashi.

Þeir sameina rokk og rapp á mjög sannfærandi hátt og verða betri með hverjum disk.

8. Sunday Bloody Sunday – U2.

Það jafnast fátt á við að spila þetta lag í botni, nú og syngja með auðvitað.

9. London Calling – The Clash.

Þegar þeir komu til Íslands og tóku þetta lag var ég of ung til að fá að fara. Þá tíðkaðist því miður ekki að foreldrar færu með börnin á rokkónleika.

10. Back in Black – AC/DC

Það hefur einfaldlega engum tekist að toppa þetta rokklag.



Stofan ber dálitinn keim af Mið-Ameríku en þaðan hafa hjónin fengið marga muni. Stóra myndin yfir sófasettinu er frá Mexíkó og hún er unnin úr lamaull. Sófasetið er frá Valhúsgögnum. Gardínur eru saumaðar af Agnesi Aspelund og gluggastangir smíðaðar af 3X stál.

Dökklitúð innréttingin er frá Innex og fer vel saman falletgu marmaraflísarnar en þær voru fengnar í versluninni Vidd. Heimilistækini eru frá Einari Farestveit hf. Granítborðplötur eru á eldhúsbekknum en þær koma frá S. Helgasynti.



Dísarland er efsta gatan í Bolungarvík.

Íbúar við Dísarland í Bolungarvík

Neituðu að yfirgefa hús sín

Íbúar í þremur húsum við Dísarland í Bolungarvík ákváðu á sunnudagskvöld að fara ekki að tilmælum almannavarnarnefndar Bolungarvíkur um að yfirgefa hús sín. Dvöldu því átta íbúar í þremur húsum sem nefndin óskaði eftir að yrðu rýmd.

Gylfi Þór Gíslason, varðstjóri í lögreglunni í Bolungarvík segir það mjög leitt að fólk skuli ekki hlíta tilmælum sem þessum. Hann segist hafa heyrt þá skýringu hjá íbúum að lítil hættu væri á snjóflóðum eins og veðurspá hljóðaði um kvöldið. Það hafi hinsvegar verið mat Veðurstofu Íslands að rétt væri að rýma þar sem mikilli snjó-

komu var spáð. Gylfi segir að lögreglan hafi ekki treyst sér í neinar aðgerðir gagnvart því fólk sem kaus að yfirgefa ekki hús sín.

Sem kunnugt er fjarlægði lögreglan einn íbúa við Dísarland úr húsi sínu síðastliðinn vetur þegar hús voru rýmd vegna snjóflóðahættu. Gylfi sagði að þar sem engin viðurlög væru við óhlýðni sem þessari ætti lögreglan erfitt um vik. „Við upplýstum fólk um stöðu mála en meira treystum við okkur ekki til þess að gera. Þarna er um fullorðin fólk að ræða sem vill ekki hlíta tilmælum yfirvalda og þar við situr.“

– hj@bb.is



Fjölmenni var við áramótabrennu á Hauganesi

Áramótabrenna Sigurðar Sveinssonar frá Góustöðum og lærisveina hans var á Hauganesi á sunnudag. Henni hafði þá verið frestað í tvígang vegna veðurs og ófærðar. Mun slíkt afar fátítt í áratuga sögu brennuhalds þeirra félaga í Skutulsfirði. Mikill snjór hafði sest í brennuna en Sigurður og félagar voru fljótir að ná upp dampi. Fjölmenni var viðstatt brennuna að vanda og einnig var Björgunarfélag Ísafjarðar með flugeldasýningu. Þegar þetta er ritað hafði ekki tekist að kveikja í brennu þeirra Hnífisdælinga og var óákveðið hvenær það yrði næst reynt.

– hj@bb.is



Samþykkt að úthluta byggðakvóta til skipa sem landa hjá Kambi hf. og Íslandssögu ehf

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti með sex samhljóða atkvæðum að leggja til við sjávarútvegsráðuneytið að 120

tonna byggðakvóta sem kom í hlut Ísafjarðarbæjar verði úthlutað til báta og skipa sem landa afla sínum til Fiskvinnslunnar Kams á Flateyri og Íslandssögu á Suðureyri. Guðni Geir Jóhannesson formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar seg-

ir að tekið hafi verið tillit til þeirra sjónarmiða að aðeins megi úthluta byggðakvótanum til fiskiskipa. Guðni segist vonast til þess að tillagan verði samþykkt í sjávarútvegsráðuneytinu en sveitarstjórnunum bar að skila tillögum um úthlutun fyrir 1. janúar.

Lárus G. Valdimarsson segir það auðvitað vekja furðu að hvorki ráðuneytismenn, ef marka megi viðtal við ráðuneytisstjóra á bb.is, né fulltrúar meirihluta bæjarstjórnar hafi áttá sig á útlinum helstu leikreglna við úthlutun byggðakvóta. „Eru þó allir þessir aðilar sérstakir áhugamenn um þann óskapnað sem þetta stjórnkerfi, og allur umbúnaður þess, er orðinn. Ég vona nú að allur þessi vandræða-



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

gangur í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar í máli þessu kenni stjórnmöldum að horfa í framtíðinni til einstakra svæða við aðgerðir sem þessar en ekki til einstakra byggðarlaga á sama svæði. Það kann aldrei góðri lukku að stýra að sveitarstjórn skuli gert að mismuna þegnum sínum eins og alltof oft hefur orðið raunin við úthlutun byggðakvóta“, segir Lárus.

Aðspurður segist Lárus efast um að máli þessu sé lokið með samþykkt bæjarstjórnar. „Því miður sýnist mér stjórnsýslan vera með þeim hætti í þessu máli að við hana verði eflaust gerðar athugasemdir. Hvort þær athugasemdir koma úr ráðuneytinu eða frá einstaklingum eða fyrirtækjum skal ég ekkert um segja.“

– hj@bb.is

Lögreglan stöðvaði för karlmanns á þrítugsaldri

Tekinn með fíkniefni

Á fimmtudag í síðustu viku stöðvaði lögreglan á Ísafirði för karlmanns á þrítugsaldri og stúlku á sautjándra ári á Kirkjubólshlíð í Skutulsfirði sem virtust vera að koma akandi innan úr Ísafjarðardjúpi. Grunur lék á um að ökumaður væri með fíkniefni í förum sínum, en hann hefur áður komið við sögu vegna fíknief-

efnamála. Við leit í bifreiðinni fundust tæp 4 grömm af ætluðu amfetamíni og tæp 3 grömm af ætluðum kannabisefnium.

Stúlkunni var ekið til síns heima og komið í hendur for-eldris, að leit lokinni. Tilkynning um afskipti lögreglunnar af stúlkunni verður send barnaverndaryfirvöldum, eins og lög gera ráð fyrir. Karlmann-

inum var sleppt að leit og yfirheyrslu lokinni.

Athygli vekur að um er að ræða sama aðila og var stöðvaður í Álftafirði aðfaranótt 21. desember sl. Þá var hann, ásamt fleirum, að koma akandi frá Reykjavík. Þá fundust um 50 grömm af kannabisefnium við þá handtöku.

– bb@bb.is